

Nd.

42. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafélags Íslands.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen. Hákon J. Kristófersson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A, skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landssjóðs, váttrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins fyrir minst helming virðingarverðs.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að $\frac{5}{6}$, skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim $\frac{1}{6}$, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, en sje ábyrgð fjelagsins minni en $\frac{5}{6}$, sbr. 3. gr., þá er allur hinn óváttrygði hluti í sjálfsábyrgð, en það, sem er í sjálfsábyrgð, er bannað að váttryggja fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innanlands eða utan.

3. gr.

1. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast að $\frac{1}{6}$ hluta ábyrgðarinnar; þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður kann að verða, og þá ekki í meira en 10,000 kr. af hverri húsatrygging og 6,000 kr. af hverri lausafjártrygging.

4. gr.

2. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Niðurföfnun skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verslunarstaðnum, að undanskildum húseignum landssjóðs, eftir tryggingarhæð hvers þeirra í fjelaginu, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Nú í vetur, þegar farið var að undirbúa stofnun brunabótafjelags Íslands, hefir komið fram allmikil óánægja, einkum yfir skyldutryggingarákvæði laganna. Menn eru sem sje skyldir að váttryggja $\frac{5}{6}$ hluta virðingarverðs allra húsa á þeim stöðum, sem skyldutryggingarákvæðið nær til. Húsin eru virt eins og kosta mundi nú að byggja þau; virðingin verður því geysihá. Þetta gerir fátækum mönnum mjög svo örðugt fyrir, því að hús þeirra margra hverra heyra til þeim flokki húsa, er hæst eru iðgjöld af. Afleiðingin verður því sú fyrir þessum mönnum, að þeir geta traudla risið undir svo háum iðgjöldum, sem þannig löguð skyldutrygging leggur þeim á herðar.

Eins þykir mörgum það vera ærin skerðing á frelsi sinu, að þeir skuli ekki vera sjálfráðir um það, hvort þeir tryggja, eða að hve miklu leyti þeir tryggja frjálssar eignir sínar.